



Til yfirlögráðandans (sýslumannsins)

í/á _____

BEIÐNI UM SKIPUN RÁÐSMANNS

sbr. 33. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.

Móttökudagur:		Málsnúmer:	
---------------	--	------------	--

Nafn þess sem óskar skipunar ráðsmanns:	Kennitala:	Lögheimili:	Póstn.
Netfang	Símanúmer	Dvalarstaður (ef annar en lögheimili)	Póstn.
Nafn maka eða sambúðarmanns/konu – ef við á:	Afstaða maka eða sambúðarmanns/konu til umsóknarinnar:		

Hægt er að fela ráðsmanni umsjón fasteigna, lofffara, skipa, ökutækja, verðbréfa og fjármuna á innlánsreikningum.	Þær eignir sem ég óska eftir að ráðsmanni mínum verði falin umsjón með:

Geta þarf um þau veikindi eða fötlun sem veldur því að umsækjandi á erfitt með að sjá um fjármál sín.	Ástæður þess að ég fer fram á skipun ráðsmanns eru þessar:

Hægt er að óska eftir að tiltökinn meður	Ég óska eftir að neðangreindur einstaklingur verði skipaður ráðsmaður minn:		
	Nafn:	Kennitala:	
	Lögheimili:	Staður:	Póstn.:
	Netfang:	Símanúmer:	

Meðfylgjandi er læknisvottorð fyrir umsækjanda.

Umsókninni skal fylgja læknisvottorð þar sem gerð er grein fyrir heilsufari umsækjanda, svo og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar að fá skipaðan ráðsmann.

Undirskriftir umsækjanda og þess sem tilnefndur er sem ráðsmaður.	Staður / dagsetning	Undirskrift / undirskriftir

Um skipun ráðsmanns

Fjárráða maður, sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, getur óskað eftir því að yfirlögráðandi (sýslumaður) skipi honum ráðsmann.

Skilyrði er að sá sem óskar eftir skipun ráðsmanns geri sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar. Læknisvottorð skal fylgja því til staðfestingar, en einnig ber sýslumanni að ræða við umsækjanda um umsóknina og þýðingu hennar.

Þegar manni hefur verið skipaður ráðsmaður glatar hann rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar.

Heimilt er að fela ráðsmanni umsjón eftirtalinna eigna:

- Fasteigna, loftfara, skráningarskyldra skipa og skráningarskyldra ökutækja.
- Viðskiptabréfa, fjármuna á innlánsreikningum og inneigna í verðbréfasjóðum.

Í umsókninni ber að tilgreina nákvæmlega hvaða eignir óskað er eftir að fela ráðsmanninum til umsjónar, t.d. tilgreina fastanúmer fasteignar og númer innlánsreiknings.

Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal skipun hans þinglýst á viðkomandi eign.

Hafi umsækjandi ekki óskað eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður verður ráðsmaður valinn í samráði við umsækjanda. Ef umsækjandi er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um málið, þar á meðal um val á ráðsmanni. Það sama gildir um sambúðarmaka.

Við skipun ráðsmanns ákveður yfirlögráðandi þóknun hans með tilliti til eðlis og umfangs starfans. Þóknun ráðsmanns skal greidd af skjólstæðingi hans.

Við skipun á ráðsmanni gefur sýslumaður út skipunarbréf til hans.

Ráðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa sýslumanni skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

Breytist heilsufar skjólstæðings ráðsmanns svo að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði skipunar ráðsmanns skal ráðsmaður vekja athygli sýslumanns á því. Skal þá sýslumaður taka ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli

Þá þegar veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli.

Fyrir skipun ráðsmanns og breytingar á störfum hans skal greiða 5.000 kr.

Eyðublað fyrir árlega skýrslu ráðsmanns er að finna á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Nánari reglur um ráðsmenn er að finna í IV. kafla lögræðis laga nr. 71/1997, sem nálgast má á vef Alþingis, www.althingi.is.